

Námsáætlun náttúrufræði - 4. bekkur
skólaárið 2025-2026



Kennari: Bryndís Knútsdóttir og Erla Jóhannsdóttir
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Umhverfið	Nefnt dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta, skoðað og kannað helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu, gert sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda, sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu, gert sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi, fjallað um hvaða hlutverki lofthjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni, tekið þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna, gengið vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess, komið með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd og tekið þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu.	Umræður, vettvangsferðir, horft á myndbönd.	Verkefnavinna og virkni.
Lífið	sagt frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi, rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra, gert sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta ýmist verið gagnlegar eða skaðlegar, gert sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr	Umræður, verkefnavinna.	Verkefnavinna og virkni.

	frumum,áttað sig á að lífverur hafa tekið breytingum frá upphafi lífs á jörðu,lýst ytri byggingu á helstu hlutum plantna,lýst ytri byggingu á helstu hlutum sveppa,lýst helstu einkennum valinna dýra,lýst byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt,tjáð sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og borið virðingu fyrir þeim,rætt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.		
Efnin	þekkt og flokkað algeng efni og lýst helstu eiginleikum þeirra, með athugun sýnt fram á að efni geta skipt um form og breyst en hverfa ekki,bent á algengustu frumefni og efnasambönd,framkvæmt og útskýrt einfaldar tilraunir um efnabreytingar og hamskipti,rannsakað leysni algengra efna á heimilinu,þekkt dæmi um hættuleg efni á heimilinu	Umræður, tilraunir og verkefnavinna.	Verkefnavinna og virkni.
Orkan	framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu, nefnt dæmi um uppruna orku og tekið þátt í umræðu um orkusparnað,útskýrt muninn á heitu og köldu með einföldum tilraunum,kannað eiginleika	Umræður og verkefnavinna	Verkefnavinna og virkni.

	segla,sagt frá þróun algengra rafmagnstækja,skoðað hljóð og ljós og lýst einföldum eiginleikum þeirra,framkvæmt og fjallað um athuganir á sýnilegum bylgjum,framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast kröftum sem birtast í daglegu lífi,áttað sig á að efni hafa massa og stærð.		
Alheimurinn	• gert grein fyrir ástæðum dægraskipta, nefnt dæmi um hvernig land verður til og mótast,nefnt dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð,bent á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn,fjallað um helstu hnetti í sólkerfinu,gert sér grein fyrir að flestar stjörnur á himninum eru sólar í öðrum sólkerfum.	Umræður, myndbönd og verkefnavinna	Verkefni og virkni metin.
Vinnulag náttúruvísinda	• notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu, lesið einfaldan náttúruvísindatexta og endursagt helstu atriði með eigin orðum, skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu,framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum, kynnt niðurstöður einfaldra athugana		

	og tekið þátt í umræðu um efnið, sett fram spurningar, leitað svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrt valið viðfangsefni, rætt hvort tiltekið atriði í samræðu eða texta sé staðreynd eða skoðun í tengslum við náttúruvísindi, útskýrt hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað mannum að afla upplýsinga og hafa áhrif á heiminn.		
Námsgögn: Halló heimur 3, Krakkarúv - þættir á borð við Endurnýta, endurvinnu, eyða minna- UNICEF, Verkefni í Snillitímum er metin með hæfniviðmiðum úr náttúrugreinum, tilraunir, efni frá kennara.			
Lokanámsmat: Fyllt á hæfnikort nemanda jafnt og þétt yfir skólaárið.			